



ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA 6. FUNDUR.

6. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra haldinn í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga mánudaginn 4. febrúar. Formaður setur fundinn Kl. 15:51.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá.

1. Gerður Rósa framkvæmdastjóri Elds í Húnaþingi fundar með ráðinu.
2. Ungmennaping 2013.
3. Samskiptadagur 2013.
4. Bréf varðandi götulýsingu á Laugarbakka
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Gerður Rósa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri elds í Húnaþingi 2013 mætti til viðræðna um hvað ungmennaráðið getur gert fyrir hátíðina. Samþykkt var að kanna möguleikann á að ungmennaráðið haldi ungmennaball á fimmtudagskvöldinu. Ráðið mætir með verðhugmynd og mögulega listamenn á næsta fund.
2. Rætt var um skipan ungmennapings 2013 og skráð voru nöfn hópstjóra og ritara.
3. Íþróttá- og tómstundafulltrúi kynnti samstarf ungmennaráðs við stýrishóp forvarna á samskiptadeginum þann 3. Apríl nk. með yfirskrift og þemað sjálfstraust.
4. Lagt fram bréf frá Þorvaldi Böðvarssyni, rekstrarstjóra vegargerðarinnar á Hvammstanga, þar útskýrir Þorvaldur stöðu götulýsinga á Laugarbakka. Ungmennaráðið þakkar honum fyrir bréfið.
5. Önnur mál, Ragnar Bragi ræddi um mikilvægi smokkasjálfsala í Húnaþingi vestra og hentuga staðsetningu. Ráðið var sammála honum og ætlar að kanna verð á smokkasjálfsala.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Næsti fundur 4. mars.
Fundi slitið kl. 16:37

Kolbrún Erla Gísladóttir

Guðrún Helga Magnúsdóttir.

Ragnar Bragi Ægisson

Aníta Hrund Hjaltadóttir

Karólína Gunnarsdóttir
Íþróttá- og tómstundafulltrúi

Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir